



Ógæfa Bolla Þorleikssonar: Hugleiðing um hvernig Laxdæla saga leggur spurningar fyrir lesanda sinn en svarar þeim ekki

Atli Harðarson

► Abstract ► Um höfundinn ► About the author ► Heimildir

Í Laxdælu fléttast saman margir þræðir. Sumir eru næstum eins og sjálfstæðar frásagnir inni í stærri framvindu. Þessi flókna saga er alloft notuð sem kennsluefni við grunnskóla og framhaldsskóla. Eitt af vandamálum kennara sem kynna hana fyrir unglingum er að einfalda söguna. Slík einföldun getur meðal annars falist í því að rekja meginþræði sem tengja mörg atvik.

Einn þráður sem liggur gegnum stóran hluta sögunnar rekur hvernig Guðrún Ósvífursdóttir hefst af takmörkuðum efnum til valda og virðingar. Annar segir hvernig draumar hennar koma fram. Sennilega er engin leið að þræða allt söguefnið á eina festi, enda ganga nokkrir þræðir gegnum hvern kafla. Í greininni er rökstutt að sá þráður sem tengir flesta kaflana sé sagan um ógæfu Bolla Þorleikssonar.

Þótt sagan sé hér túlkuð sem saga um ógæfu Bolla er jafnframt bent á hvað hægt er að skilja hana á marga vegu. Hún vekur spurningar en skammtar upplýsingar hæfilega naumt til að svara þeim ekki. Lesandinn þarf að glíma við gátur sem hann fær ekki einhlít svör við. Það er næstum eins og sögumaður kalli eftir umhugsun og umræðu. Þetta er eitt af því sem gerir Laxdælu að heppilegu kennsluefni, ekki bara til þess að kynna heim Íslendingasagna fyrir nemendum heldur líka til að kenna þeim að rökræða og hugsa um siðferðileg efni.

Efnisorð: Laxdæla saga, bókmenntakennsla í grunn- og framhaldsskólum, siðferðilegt uppléði, opnar spurningar.

Í Laxdælu fléttast saman margir þræðir sem sumir eru eins og sjálfstæðar frásagnir inni í stærri framvindu. Þessi flókna saga er alloft notuð sem kennsluefni við grunnskóla og framhaldsskóla. Eitt af vandamálum kennara sem kynna söguna fyrir unglingum er að einfalda hana. Slík einföldun getur meðal annars falist í því að rekja meginþræði sem tengja mörg atvik. Sennilega er best fyrir kennara sem notar Laxdælu fyrir námsefni að kunna nokkrar leiðir til að segja hana. Þó ein leið sé stikuð í þessari grein þýðir það ekki að ég telji aðrar leiðir rangar. Laxdæla býður upp á margvíslega túlkun. Eins og ég nefni dæmi um vekur hún spurningar en skammtar upplýsingar hæfilega naumt til að svara þeim ekki, heldur halda þeim opnum. Þetta er eitt af því sem gerir Laxdælu að heppilegu kennsluefni, ekki bara til þess að kynna heim Íslendingasagna fyrir nemendum heldur líka til að kenna þeim gagnrýna hugsun og að rökræða um mannlíf. Um þá kennslufræði er fjallað nánar í grein Ólafs Páls Jónssonar (2018) í þessu sérriti Netlu. Ég held mig við að ræða um söguna.

Einn þráður sem liggur gegnum stóran hluta sögunnar rekur hvernig Guðrún Ósvífursdóttir hefst af takmörkuðum eignum til valda og virðingar. Annar segir hvernig draumar hennar koma fram. Sennilega er engin leið að þræða allt söguefnið á eina festi. Það ganga nokkrir þræðir gegnum hvern kafla, en sá sem tengir þá flesta er sagan um ógæfu Bolla Þorleikssonar.

Ýmsir þættir í fyrri helmingi sögunnar, sem við fyrsta lestur virðast nánast eins og útúrdúrar, mynda atburðarás sem leiðir til þess að Bolli situr uppi með vond spil á hendi þegar í bernsku en háspilin eru gefin Kjartani Ólafssyni, frænda hans og fóstbróður. Frásögnin af Hrappi á Hrappsstöðum (sem hefst í 10. kafla) endar til dæmis á því að Þorkell trefill, tengdasonur Þorsteins surts sem var mágur Hrapps, erfir allmiklar landareignir sem Ólafur pá, faðir Kjartans, fær keyptar fyrir fremur lítið verð (í 24. kafla). Þessi saga skýrir því að nokkru hvers vegna faðir Kjartans varð auðugri en faðir Bolla, þvert ofan í það sem vænta mátti. Fyrir þá sem ekki muna tengsl þessara manna er vert að rifja upp að afi þeirra Bolla og Kjartans var stórhöfðinginn Höskuldur Dala-Kollsson sem var hirðmaður Noregskonungs. Föður Bolla, Þorleik, átti hann með konu sinni Jórinni en Ólaf pá, föður Kjartans, með ambáttinni Melkorku. Þorleikur fór halloka fyrir Ólafi pá með ýmsu móti, þótt hann reyndi að verja stöðu sína og segði (í 26. kafla): „Mun eg eigi upp gefa þann sóma með sjálfvild er eg er til borinn.“



Mynd 1. Skyldleiki helstu sögupersóna í Laxdælu 1

Önnur frásögn sem einnig virðist vera innskot í söguna fjallar um vígaferli í Sauðeyjum á Breiðafirði (í 14. kafla) en þeirri atburðarás lýkur með því að Ólafur pá, faðir Kjartans, fer í fóstur til Þórðar godða (í 16. kafla) og það verður honum mjög til framdráttar. Þriðja og síðasta dæmið sem ég nefni hér er sagan um seiðskrattana Kotkel og Grímu (sem eru kynnt til sögu í 35. kafla). Sú frásögn skýrir hvers vegna foreldrar Bolla flytja úr landi (í 38. kafla). Bolli var einbirni og verður við þetta talsvert berskjaldaðri en Kjartan sem nýtur fulltingis foreldra og systkina.

Sagan um ógæfu Bolla gerist innan stærri sögu um heilt samfélag sem spillist með þeim afleiðingum að góður maður verður ólánsamur.

Gott samfélag spillist og lagast svo aftur

Í fyrstu sjö köflum Laxdæla sögu segir frá upphafi byggðar í Dölum og hvernig Unnur djúpúðga Ketilsdóttir flatnefs skapaði þar samfélag af stórmennsku sinni og höfðingsskap.

Í þessum köflum undirstrika einkunnir sem Unni, skyldmönnum hennar og fylgdarliði, eru gefnar mannkosti sem hæfa höfðingjum. Hún sjálf er kölluð „hin djúpúðga“ (í 1. kafla) og sögð „mikið afbragð annarra kvenna“ (í 4. kafla) og bróðir hennar, Björn austræni, vildi „gera að dæmum göfugra manna“ (í 2. kafla).

Lesandinn er minntur á tengsl fyrstu kynslóða Dalamanna við stórhöfðingja. Þorsteinn, sonur Unnar, var á tímabili konungur yfir hálfu Skotlandi. Eftir að hann féll lét Unnur smíða skip og sigldi til Íslands. Á leiðinni tók hún land í Orkneyjum og gifti þar Gró, dóttur Þorsteins, „er þaðan komið kyn allra Orkneyingjarla“. Næsti viðkomustaður var Færeyjar. „Þar gifti hún aðra dóttur Þorsteins. Sú hét Ólöf. Þaðan er komin sú ætt er ágæst er í því landi er þeir kalla Götuskeggja“ (4. kafli).

Um langafa aðalsögupersónanna, þeirra Kjartans og Bolla, segir: „Maður er nefndur Kollur er einna var mest verður af föruneysi Unnar. Kom mest til þess ætt hans. Hann var hersir að nafni“ (4. kafli). Hann giftist hinni þriðju dóttur Þorsteins. Þessum ættföður Dalamanna er því skipað á bekk með stórhöfðingjum eins og Orkneyjajörlum og Götuskeggjum. Seinna í sögunni (í 32. kafla) er önnur aðalpersóna tengd fólki af hæstu stigum þegar ætt Guðrúnar Ósvífursdóttur er rakin. Samkvæmt því sem þar segir var langalangafi hennar enginn minni maður en sjálfur Göngu-Hrólfur. Sögumanni er, eins og Helgi Guðmundsson (1997, bls. 315) bendir á, greinilega nokkuð í mun að hefja upp ættir Dalamanna.

Þegar Unnur er komin til Íslands finnur hún Helga bjólan, bróður sinn, sem numið hafði land á Kjalarnesi. Hún reiðist og kallar hann lítilmenni þegar hann vill aðeins hýsa helminginn af föruneysi hennar. Frá Kjalarnesi heldur tuttugu manna flokkur Unnar til Breiðafjarðar þar sem bróðir hennar, Björn austræni, nam land. „Og er hann spyr til ferða hennar þá fer hann í mót henni með fjölmenni og fagnar henni vel og bauð henni til sín með öllu liði sínu því að hann kunni veglyndi systur sinnar. Það líkaði henni allvel og þakkaði honum stórmennsku sína“ (5. kafli).

Í sjöunda kafla segir frá andláti Unnar. Hún var orðin gömul og hélt sig mest í rúminu en svaraði þó reiðilega „ef nokkur spurði að mætti hennar“. Þetta er í annað sinn sem Unnur er sögð reiðast. Fyrri skiptið var þegar Helgi bjólan vildi aðeins bjóða helmingnum af liði hennar til sín. Orðið „reiðulega“ kemur semsagt tvisvar fyrir í þessum fyrsta hluta sögunnar og í bæði skiptin til að áréttu að Unnur samþykkir enga lítilmennsku eða kveifarskap. Þetta orð um skaphöfn Unnar fær áherslupunga bæði af því að í þessum fyrstu köflum eru engin önnur orð sem lýsa beint tilfinningaþrunginni afstöðu og líka af því að viðlíka orð eru höfð um Ólaf Tryggvason Noregskonung. Hann „svarar reiðulega“ (í 40. kafla) þegar menn hans vilja þvinga Kjartan Ólafsson til að taka kristna trú.

Nú kann einhverjum að virðast að þessi reiði Unnar stangist á við það sem ég hef fullyrt, að í fyrstu köflum sögunnar segi gott eitt um Dalamenn. Því er til að svara að í sögunni er reiði Unnar og Ólafs konungs talin þeim til tekna fremur en hitt. Sögumaður hafði trúlega svipað viðhorf til reiðinnar og Aristóteles, sem sagði í 5. kafla 4. bókar *Síðfræði Níkomakkosar*: „Við berum lof á þann sem reiðist þeim sem skyldi og vegna þess sem skyldi“ (Aristóteles, 1995, 1. bindi bls. 356 [1125b]). Speki í þessum dúr hefur trúlega verið kunn höfundu Laxdælu, til dæmis af Hugsvinnsmálum (2007) sem eru íslensk þýðing á latnesku spekivæði ortu af heidnum manni, sennilega á þriðju öld eftir Krists burð (Hermann Pálsson, 1979). Þar segir, í 23. erindi:

Blíðr þú vert
en stundum bráðskapaðr,
ef geraz þarfir þess;
vel má þat verða
at skipti vitr maðr geði,
þótt hann lastvarr lífi.

Í 7. kafla sögunnar segir frá því að Unnur dó með sama glæsibrag og hún lifði og þótti mikils um vert hvernig hún hélt „virðingu sinni til dauðadags“. Í þessum sama kafla segir einnig frá andláti Kolls. Höskuldur sonur hans tók við búinu og var jafn höfðinglegur og hann átti kyn til, langömmubarn Unnar.

Höskuldur son Kolls var á ungum aldri er faðir hans andaðist. Hann var fyrr fullkominn að hyggju en vetratölu. Höskuldur var vænn maður og gervilegur. [...] Brátt varð Höskuldur vinsæll í búi sínu því að margar stoðar runnu undir, bæði frændur og vinir er Kollur faðir hans hafði sér aflað (7. kafli).

Í þenna tíma réð Noregi Hákon Aðalsteinsfóstri. Höskuldur var hirðmaður hans. [...] Var hann nafnfrægur maður bæði í Noregi og á Íslandi (9. kafli).

Í köflum 16 og 17 setur Höskuldur niður deilur og leysir erfitt vandamál þegar hann losar byggðina við afturgöngu Víga-Hrapps sem var illur viðureignar bæði lífs og liðinn.

Höskuldur var bráðþroska, „fyrr fullkominn að hyggju en vetratölu“ (7. kafli). Sonur hans, Ólafur pá, er líka sagður bráðþroska. Tveggja vetra „var hann almæltur og rann einn saman sem fjögurra vetra gömul börn“ (13. kafli). Seint í sögunni fær Bolli Bollason ámóta einkunn: „Hann var þá tólf vetra gamall en fullkominn var hann að afli og hyggju svo að þeir voru margir er eigi biðu meira þroska þó að alrosknir væru“ (59. kafli). Hermann Pálsson (1986, bls. 93) segir að svipuð ummæli megi finna í miðaldaritum um höfðingja sem nutu mikillar virðingar, svo sem Alexander mikla, Noregskonungana Ólaf Tryggvason og Ólaf Haraldsson og Þorlák biskup.

Þrátt fyrir góðar einkunnir sögumanns er Höskuldur, afi þeirra Kjartans og Bolla, ekki gallalaus, eins og bæði kemur í ljós þegar hann kaupir Melkorku af þrælasala (í 12. kafla) og þegar hann tímur ekki að deila arfi með Hróti hálfbróður sínum (í 19. kafla). Höskuldur virðist þó vera gæfumaður um flest og það er bjart yfir samfélaginu sem Unnur, langamma hans, byggði upp með því að gefa fólki sínu jarðnæði. Orðin sem lýsa Unni og afkomendum hennar tíunda vísku, göfgi, veglyndi, stórmennsku, vinsældir og virðingu. Ný einkunn bætist við í 21. kafla þar sem Mýrkjartan finnur að Ólafur pá er ríklátur. Fyrr í sama kafla kemur fram að mönnum þótti hann skörulegur.

Í fyrstu sjö köflunum er ekki minnst orði á lesti, lítilmennsku eða ljóð á ráði nokkurs manns fyrir utan Helga bjólan, bróður Unnar, sem tímur ekki að skjóta skjólshúsi yfir nema hálf skipshöfn. En hann tilheyrði ekki samfélagi Dalamanna. Áttundi kafli er stuttur. Þar segir frá Hróti, hálfbróður Höskulds, og Þorgerði, móður þeirra. Í níunda kafla eru fyrst blikur á lofti þegar Höskuldur giftist konu af Ströndum sem Jörunn hét. Þótt hún sé „væn“ og „skörungur mikill í vitsmunum“ er hún einnig „ofláti mikill“ (9. kafli).

Jórunni er ekki lýst sem neinum sérstökum vandræðamanni. Hún gerir sumt vel, hefur til dæmis vit fyrir Höskuldi þegar hann sýnir Hrúti bróður sínum óbilgirni (í 19. kafla) og á mikinn þátt í að koma á sáttum milli þeirra bræðra. En þetta breytir ekki því að með henni hefur spillingin innreið sína í Dali.

Við nútímamenn höfum ef til vill samúð með Jórunni þegar henni mislíkar að búa undir sama þaki og Melkorka. Höskuldur keypti Melkorku af þrælasala og átti með henni soninn Ólaf pá sem var, að dómi sögumanns, afbragð annarra manna. Melkorka var kóngsdóttir sem hafði verið rænt úr föðurgarði á Írlandi, fögur og vel gefin, og það „var auðsætt stórmennskumót á henni og svo það að hún var engi afglapi“ (13. kafli). Sagan er á hennar bandi þegar Jórunn missir stjórn á skapi sínu og slær hana utanundir með sokkum (í 15. kafla).

Þorleikur, sonur þeirra Höskulds og Jórunnar, erfir galla móður sinnar:

Þorleikur var mikill maður og sterkur og hinn sýnilegsti, fálatur og óþýður. Þótti mönnum sá svipur á um hans skaplyndi sem hann mundi verða engi jafnaðarmaður. Höskuldur sagði það jafnan að hann mundi mjög líkjast í ætt þeirra Strandamanna (9. kafli).

Sögumanni hefur líkast til þótt óþarfi að taka fram að í „ætt þeirra Strandamanna“ var Svanur á Svanshóli. Hann er kunnur af frásögn Njáls sögu þar sem hann er kynntur (í 10. kafla) sem móðurbróðir Hallgerðar Höskuldsdóttur og þar með bróðir Jórunnar. Um hann segir sagan að hann hafi verið „fjólkunigur mjög“ og auk þess „ódæll og illur viðureignar“.

Þorleikur fær konu sem heitir Gjaflaug. Eins og Jórunn er hún bæði „væn kona og ofláti mikill“ (20. kafli). Til viðbótar við Jórunni og Gjaflaugu er aðeins ein persóna í sögunni kölluð ofláti. Það er Þorgils Hölluson sem kemur fyrst við sögu í 57. kafla og er þar sagður „hinn mesti ofláti“ og bætt við að hann var ekki „kallaður jafnaðarmaður“.

Þorleikur á sem sagt móður og ömmu sem eru oflátar og einnig er gefið í skyn að hann sjálfur sé ekki jafnaðarmaður. Þar sem þeim er báðum lýst, Þorleiki og Bárði bróður hans, er samanburðurinn svo mjög Bárði í vil að textinn gefur í skyn að Þorleikur sé ekki aðdáunarverður maður. Þar segir (í 25. kafla):

Nú er að segja frá sonum Höskulds. Þorleikur Höskuldsson hafði verið farmaður mikill og var með tignum mönnum þá er hann var í kaupferðum áður hann settist í bú og þótti merkilegur maður. Verið hafði hann og í víkingu og gaf þar góða raun fyrir karlmennsku sakir.

Bárður Höskuldsson hafði og verið farmaður og var vel metinn hvar sem hann kom því að hann var hinn besti drengur og hófsmaður um allt.

Í Laxdælu kemur ekki vel fram hvað orðið „ofláti“ merkir. En af samhengi í öðrum sögum má ætla að það eigi við um þá sem eru hrokafullir, telja sig ranglega yfir aðra hafna eða setja sig á háan hest án þess að hafa efni á því. Í Gísla sögu Súrssonar segir til dæmis (í 21. kafla) um Þorkel bróður Gísla að hann „var ofláti mikill og vann ekki fyrir búi þeirra en Gísli vann nótt með degi“. Oflátungsháttur Þorkels virðist einkum í því fólgin að telja sig yfir það hafinn að vinna.

Kristján Kristjánsson (1998) bendir á að í Íslendingasögum séu orðin „ofláti“ og „ójafnaðarmaður“ notuð yfir þá sem eru með stórbokkaskap án þess að vera raunveruleg stórmenni. Hann setur fram þá tilgátu að oflátar séu stærilátir en ójafnaðarmenn séu sjálfelskir og þóttafullir (Kristjánsson, 1998, bls. 411). Ég get mér þess til að oflátungsháttur sé nokkurn veginn það sama og hroki, sem kristnir menn hafa löngum talið öðrum löstum verri, en ójafnaðarmenn séu fyrst og fremst ósanngjarnir eða ranglátir með þeim hætti að taka meira en þeim ber.

Í nútímamáli er orðið „ofláti“ sjaldan notað en orðið „oflæti“ lifir í orðasambandinu „að brjóta odd af oflæti sínu“. Það orðasamband kemur fyrir í Njáls sögu (í 61. kafla) og virðist merkja að

lítillækka sig eða verða sér til minnkunar fremur en að láta af vítaverðu drambi eða hroka. Þó þetta einstaka dæmi úr Njáls sögu kunni að benda til þess að oflæti sé ekki ævinlega og eindregið slæmt er einkunnin „ofláti“ notuð til illra aðdróttana á báðum stöðunum þar sem hún kemur fyrir í þeirri sögu. Fyrri skiptið er í 92. kafla Njáls sögu þar sem segir:

Göngukonur þær er þeir Þráinn reiddu yfir fljótið komu til Bergþórshvols og spurði Bergþóra hvaðan þær væru en þær sögðust vera austan undan Eyjafjöllum.

„Hver reiddi yður yfir Markarfljót?“ segir Bergþóra.

„Þeir er mestir oflátar voru,“ segja þær.

„Hverjir voru þeir?“ segir Bergþóra. „Þráinn Sigfússon,“ sögðu þær, „og fylgdarmenn hans en það þótti oss að er þeir voru svo fjölörðir og illörðir hingað til bónda þíns og sona hans.“

Síðara skiptið er í 98. kafla þar sem Höskuldur Hvítanesgoði er eggjaður til að drepa nafna sinn og uppeldisbróður, Höskuld Njálsson:

Lýtingur var úti löngum um daginn en stundum gekk hann inn. Hann gekk til sætis síns. Þá kom kona inn er úti hafði verið.

Hún mælti: „Of fjarri voruð þér úti að sjá er oflátinn reið um garð.“

„Hver ofláti var sá,“ segir Lýtingur, „er þú segir frá?“

„Höskuldur Njálsson reið hér um garð,“ segir hún.

Lýtingur mælti: „Oft ríður hann hér um garð og er mér eigi skapraunarlaust og býðst eg til þess Höskuldur mágur að fara með þér ef þú vilt hefna föður þíns og drepa Höskuld Njálsson.“

„Það vil eg eigi,“ segir Höskuldur, „og launa eg þá verr en vera skyldi Njáli fóstura mínum og þrífst þú aldrei fyrir heimboð“ og spratt upp undan borðinu og lét taka hesta sína og reið heim.

Með tilkomu þeirra tveggja ofláta sem eru móðir og eiginkona Þorleiks er eins og dimmi yfir öllu samfélaginu sem lýst er í Laxdælu. Annar löstur sem kemur við sögu er öfundin. Ljóst er að bæði Jórunn og Þorleikur öfunda Ólaf þá af vinsældum hans og glæsileik og þau sætta sig ekki við að Höskuldur hafi gefið honum dýra gripni og þar með gert ambáttarsoninn að erfingja sínum.

Ólafur reynir að eyða þessari öfund með því að fóstura Bolla, son Þorleiks. Í lok erfidykkju eftir Höskuld föður þeirra segir Ólafur við þennan hálfbróður sinn (í 27. kafla):

„Svo er frændi sem þér er kunnigt að með okkur hefir verið ekki margt. Nú vildi eg til þess mæla að við betruðum frændsemi okkra. Veit eg að þér mislíkar er eg tók við gripum þeim er faðir minn gaf mér á deyjanda degi. Nú ef þú þykist af þessu vanhaldinn þá vil eg það vinna til heils hugar þíns að fóstura son þinn og er sá kallaður æ minni maður er öðrum fóstura barn.“

Þorleikur tekur þessu vel og sagði sem satt er að þetta er sémilega boðið. Tekur nú Ólafur við Bolla syni Þorleiks. Þá var hann þrevetur. Skiljast þeir nú með hinum mesta kærleik og fer Bolli heim í Hjarðarholt með Ólafi. Þorgerður tekur vel við honum. Fæðist Bolli þar upp og unnu þau honum eigi minna en sínum börnum.

Nokkru seinna (í 38. kafla) fær Ólafur þá Þorleik til að flytja úr landi því hann spillti friði í héraðinu. Þorleikur hafði þá meðal annars fengið seiðskrattana Kotkel og Grímu til að magna

seið sem varð til þess að Hrútur föðurbróðir hans missti tólf vetra gamlan son sem Kári hét „og var hann efnilegastur sona Hrúts. Hann unni honum mikið“ (37. kafla).

Þótt Þorleikur fari af landi brott og komi ekki aftur hverfur ekki ólánið sem leiðir af hroka og öfund. Það er eins og það voki yfir Bolla syni hans. Í köflum 29 til 33 birtist hver hrakspáin af annarri þar sem varað er við því sem Bolli á eftir að gera. Í 29. kafla spáir Geirmundur gnýr því fyrir Þuríði, dóttur Ólafs pá, að sverðið sem hún tók af honum og gaf Bolla yrði „þeim manni að bana í yðvarri ætt er mestur er skaði að og óskaplegast komi við.“ Í 31. kafla birtist kona Ólafi pá í draumi og spáir því að hann muni sjá son sinn alblóðugan af sínum völdum og bætir við „Skal eg og þann til velja er eg veit að þér er ófalistur.“ Þessi sonur er glæsímennið Kjartan sem Ólafur átti með konu sinni, Þorgerði Egilsdóttur Skallagrímssonar. Síðasta illspáin er í lok 33. kafla þar sem Þórður, sonur spekingins Gests Oddleifssonar, spyr föður sinn:

„Hvað ber nú þess við faðir minn er þér hrynja tár?“

Gestur svarar: „Þarfleysa er að segja það en eigi nenni eg að þegja yfir því er á þínum dögum mun fram koma. En ekki kemur mér að óvörum þótt Bolli standi yfir höfuðsvörðum Kjartans og hann vinni sér þá og höfuðbana og er þetta illt að vita um svo mikla ágætismenn.“

Stærstur hluti sögunnar fjallar um aðdragandann að voðaverki Bolla, þegar hann drepur Kjartan, og eftirmál þess. Áður en fyrsti oflátinn, amma Bolla, kemur í Dalina er bjart yfir samfélaginu og svo aftur í lokin þegar vígum og mannhefndum lýkur. Það er næstum eins og illskan sé rekin úr samfélaginu þegar Þorgils Hölluson er drepinn (í 67. kafla). Hann var hinn mesti ofláti, eins og nefnt hefur verið, og með því að losna við hann er hreinsað til.

Umrædd veðrabrigði í sögunni sjást meðal annars af tíðni orða sem lýsa mannkostum. Ég taldi hve oft orðin „drengur“, „göfugur“, „höfðingi“, „höfðingsskapur“, „stórmannlegur“, „stórmenni“, „stórmennska“, „stórmennskumót“, „vinsæll“, „virðing“ og „virðulegur“ koma fyrir í hverjum kafla sögunnar. Ég merkti aðeins við staði þar sem þau eru notuð til að gefa góða einkunn og taldi orðið „vinsæll“ því ekki með þar sem það er notað til að segja um Kotkel og Grímu (í 35. kafla): „Hallsteinn goði tók við þeim og setti þau niður að Urðum í Skálmarfirði og var þeirra byggð ekki vinsæl.“

Í köflum 1 til 13 koma þessi orð fyrir samtals 3,8 sinnum á hver þúsund orð í textanum eða meira en einu sinni á hverri blaðsíðu miðað við venjulega prentun. Ef aðeins er litið á fyrstu 8 kaflana, áður en fyrsti oflátinn kemur í Dalina, koma þau enn þéttar fyrir eða samtals 4,1 sinni á hver þúsund orð í textanum. Í síðustu 11 köflunum, eftir að byggðin er laus við oflátann Þorgils Hölluson, er samanlögð tíðni þeirra 2,5 skipti á hver þúsund orð. Þar á milli er tíðnin mun minni. Í köflum 9 til 67 er hún 1,2 skipti á hver þúsund orð. Ef litið er á textann frá því að Bolli Þorleiksson fæðist þar til Þorgils Hölluson er allur (þ.e. kafla 27 til 67) er tíðni þessara orða aðeins 0,8 skipti á hver þúsund orð. Það er eins og sögumaður tjái ógæfuna með því að nota þessar góðu einkunnir sjaldan meðan hún leikur lausum hala.

Ógæfa Bolla Þorleikssonar stafar ekki aðeins af þeim atvikum sem frá sagði í upphafi og urðu til þess að Kjartan hafði betri stöðu. Hún stafar líka af því að faðir hans var eftirbátur bræðra sinna og móðir hans og amma voru oflátar. Þriðja konan, sú sem hann giftist, olli líka miklu um ólán hans.

Atbeini kvenna og örlög karla

Það kann að virðast undarlegt að birti til þegar Þorgils Hölluson er úr sögunni. Guðrún Ósvífursdóttir beitir hann blekkingum sem á mælikvarða nútímamanna bera tæpast vitni um gott innræti. Frá þessu segir í 60. kafla þar sem eftirfarandi orð eru lögð í munn Guðrúnar:

Þorgils hefir heitið að gerast fyrirmaður ferðar þeirrar að veita heimferð að Helga Harðbeinssyni með sonum mínum að hefna Bolla. Hefir Þorgils það til mælt ferðarinnar að hann næði ráðahag við mig. Nú skírskota eg því við vitni yðru að eg heiti Þorgísli að giftast engum manni öðrum samlendum en honum en eg ætla ekki að giftast í önnur lönd.

Guðrún gengur ekki beinlínis á bak orða sinna þegar hún giftist Þorkatli Eyjólfssyni eftir að hann kemur heim til Íslands. Hann var staddur í Noregi og því ekki samlundur þegar hún gaf Þorgils Höllusyni þetta mjög svo villandi loforð.

Eins og Kristján Kristjánsson (1998) bendir á er siðferði Íslendingasagna líkt höfðingjasiðferði fornaldar sem þekktast er af ritum Aristótelesar. Þeir sem fá mest lof í sögunum skara fram úr í stórmennsku, höfðingsskap og örlæti. Þeir eru stoltir og vandir að virðingu sinni en minna er gert úr sannsögli og fleiri borgaralegum dygðum sem nútímamenn hafa í hávegum.

Damien Fleming (2002) bendir á að í sögunum sé það ekki talinn mikill ljóður á ráði manns þó hann beiti blekkingum og lygum. Sögurnar hafa að þessu leytnu svipað viðhorf og birtist í Hávamálum þar sem er mælt með því (í erindum 44 til 46) að tala um hug sér þegar þess þarf með:

Veistu ef þú vin átt,
þann er þú vel trúir,
og vilt þú af honum gott geta,
geði skaltu við þann blanda
og gjöfum skipta,
fara að finna oft.

Ef þú átt annan,
þann er þú illa trúir,
Viltu af honum þó gott geta,
fagurt skaltu við þann mæla
en flátt hyggja
og gjalda lausung við lygi.

Það er enn um þann
er þú illa trúir
og þér er grunur að hans geði:
hlæja skaltu við þeim
og um hug mæla.
Glík skulu gjöld gjöfum.

Þó okkur nútímamönnum þyki Guðrún koma óheiðarlega fram við Þorgils dæmir sögumaður hana ekki. Á mælikvarða sögunnar voru blekkingar hennar líkast til ekki vítaverðar svo heitið gæti. Helst er raunar að skilja að sögumanni þyki það gott hjá henni að fara að ráðum Snorra goða og nota sér grunnhyggni Þorgils og koma honum fyrir kattarnef (í 67. kafla), enda var hann hinn mesti ofláti.

Í sögulok er Guðrún Ósvífursdóttir gömul og vitur kona sem rækir vel kristna trú. Hún er um sumt lík Unni svo lokakaflarnir eru næstum eins og spegilmynd af upphafsköflunum. Góðum höfðingjum tekst aftur að jafna deilur svo þeim ljúki með sátt, eins og þegar synir Bolla sættast heilum sáttum við Halldór og Steinþór, bræður Kjartans (í 71. kafla).

Umgjörðin um söguna er, eins og rakið hefur verið, samfélag sem byrjar vel og endar vel þó þar á milli séu manndráp og hörmungar. Þetta er eins og umgjörð heimssögunnar í Völuspá. Þar spilltist heimurinn ekki með tilkomu kvenkyns ofláta heldur þegar „þrjár kómu þursa meyjar á máttkar mjög úr Jötunheimum“ (8. erindi). Það er þó athyglisvert að samfélagið sem Unnur byggði spillist aldrei alveg, manndrápin gerast öll á jöðrum þess en ekki inni í miðri byggðinni. Það er líka athyglisvert að rétt eins og í Völuspá eru það konur sem spinna helstu örlagaþræði. Í kvæðinu heita þær ekki Unnur, Þorgerður og Guðrún heldur Urður, Verðandi og Skuld (í 20. erindi):

Urð hétu eina,
aðra Verðandi,
skáru á skíði,
Skuld ina þriðju.
Þær lög lögðu,
þær líf kuru
alda börnum,
örlög seggja.

Í Laxdælu er ekki nóg með að konur spinni mönnum örlög heldur geta þær líka verið stórmenni og höfðingjar ekki síður en karlar. Kristján Kristjánsson (1998) bendir á að stórmennska í Íslendingasögum sé náskyld þeirri dygd sem Aristóteles taldi kórónu allra dyggða og heitir mikillæti í þýðingu Svavars Hrafn Svavarssonar á Siðfræði Níkomakkosar (Aristóteles, 1995, 1. bindi, bls. 348–350 [1124a]). Það er athyglisvert að helsta stórmennið í Laxdælu, Unnur djúpúðga Ketilsdóttir, er kona. Seinna í sögunni knýja konur atburðarásina, fyrst Guðrún Ósvífursdóttir og svo Þorgerður Egilsdóttir þegar kemur að því að hefna Kjartans og í sögulok er Guðrún Ósvífursdóttir orðin höfðingi við Breiðafjörð. Kvenskörungur í sögunni fara sínu fram og um einn þeirra, Þorgerði Egilsdóttur, er beinlínis sagt að „það varð fram að koma er Þorgerður vildi til hvers sem hún hlutaðist“ (24. kafla).

Sjálfstæði og höfðingsskapur einkenna ekki aðeins konurnar sem eru aðalpersónur sögunnar heldur líka sumar aukapersónur, eins og Vigdís Ingjaldsdóttir sem „var meiri skörungur í skapi en Þórður bóndi hennar“ (14. kafla).

Van Deusen (2014) hefur rannsakað vinskáp kvenna í Íslendingasögum og komist að því að eina dæmið um að tvær konur séu kallaðar vinir sé í Laxdælu. Þetta dæmi er í 53. kafla þar sem Þorgerður Egilsdóttir kallar Auði, fyrri konu Þórðar Ingunnarsonar, vinkonu sína. Í þessu sambandi kann einnig að skipta máli að í 40. kafla sögunnar segir um Hrefnu Ásgeirsdóttur að hún var „vel vinsæl“. Þess eru einnig dæmi í Fóstbræðra sögu, Grettis sögu, Harðar sögu og Hólmverja og Vopnfirðinga sögu að konur séu sagðar vinsælar.

Vinátta vandalausra var yfirleitt forréttindi frjálsra karla af háum stigum en konur áttu fyrst og fremst að vera tryggar fjölskyldu sinni. Van Deusen (2014) bendir líka á að til viðbótar við þetta dæmi um að Þorgerður tali um vinkonu sé sambandi milli Þuríðar Ólafsdóttur, elstu systur Kjartans, og Hrefnu Ásgeirsdóttur lýst eins og um vinátta sé að ræða. Raunar er það Þuríður sem stingur upp á að Kjartan biðji Hrefnu og tekur sér þar hlutverk sem karlar höfðu, að stjórna ráðahag dætra og kvenkyns skyldfólks. Þetta er langt frá því eina dæmið um að konur vinni karlmannsverk í Laxdælu. Þorgerður Egilsdóttir fór til dæmis með í leiðangur til að drepa Bolla (í 55. kafla) og Unnur lét smíða skip (í 4. kafla).

Það er atbeini kvenna sem skapar körlunum í sögunni örlög. Upphafið að óláni Dalamanna er oflátungsháttur Jórunnar og Gjaflaugar. Það var Guðrún Ósvífursdóttir sem knúði Bolla til að drepa Kjartan (í 49. kafla) og Þorgerður Egilsdóttir sem fékk Steinþór og Halldór, syni sína og bræður Kjartans, til að drepa Bolla (í 55. kafla) og svo Guðrún sem lét hefna fyrir víg Bolla (í 64. kafla).

Þessi sérkenni Laxdæla sögu gefa ef til vill tilefni til að lesa hana sem sögu um að konur geti verið sjálfstæðar og haft stjórn á eigin lífi. Það sem segir um sjálfstæðar konur stangast þó ekki á við þá túlkun að sagan fjalli einkum um ógæfu Bolla. Sögumaður er á báðum áttum, hvort hann eigi heldur að dást að kvenskörungunum í sögunni eða óttast vald þeirra og sjálfræði. Um þetta, eins og svo margt annað, ber sagan spurningar undir lesanda sinn en svarar þeim ekki. Sögumaður segir okkur ekki hvað halda skuli um konurnar neitt frekar en hver það var sem Guðrún var verst og unni mest. Þessar spurningar eru áleitnar en lesandinn verður að svara þeim sjálfur. Sögumaður gerir það ekki.

Ógæfa Bolla

Bolli er dæmi um mann þar sem sitt er hvað gæfa og gjörvileiki. Skuggarnir sem hrannast upp þegar oflátar koma inn í ættir Dalamanna safnast í kringum hann. Í grein eftir Kirsi T. Kanerva (2012) er fjallað um ógæfu í Íslendingasögum og dæmin um ógæfumenn sem þar eru tilgreind eru Skarphéðinn Njálsson og Gísli Súrsson sem báðir drápu fólk úr eigin fjölskyldu. Skarphéðinn drap Höskuld uppeldisbróður sinn og Gísli drap Þorgrím mág sinn.

Ef greining Kirsi T. Kanerva er rétt þá er Bolli Þorleiksson ógæfumaður því hann drepur Kjartan sem er bæði uppeldisbróðir hans og náfrænda. Gæfuleysi hans er sýnilegt Gesti Oddleifssyni (í 33. kafla) og því ef til vill af svipuðu tagi og gæfuleysi Skarphéðins sem sést á honum þegar hann reynir ásamt bræðrum sínum að safna liði á Alþingi (í 119. kafla Njáls sögu).

Ef sá skilningur á sögunni sem hér er reifaður er réttur þá er ógæfa Bolla eitt af meginefnum hennar. Vera má að sumir lesendur velkist í vafa um að hvaða marki Bolli er sjálfur valdur að ógæfu sinni. Það er hægt að efast um heiðarleika hans þegar hann gerir hosur sínar grænar fyrir Guðrúnu Ósvífursdóttur (í 42. kafla). Hann vissi vel að Guðrún vildi helst af öllu giftast Kjartani og það er ekki alveg ljóst hvort hann segir allt sem hann veit um líkurnar á því að Kjartan snúi aftur til Íslands. Ég held þó að sögumaður gefi okkur tilefni til að stilla efasemdum um heiðarleika Bolla í hóf. Í 43. kafla segir frá því þegar Kjartan kveður Ingibjörgu, systur Ólafs konungs:

Og er skipið var alþúið þá gengur Kjartan á fund Ingibjargar konungssystur. Hún fagnaði honum vel og gefur rúm að sitja hjá sér og taka þau tal saman. Segir Kjartan þá Ingibjörgu að hann hefir búið ferð sína til Íslands.

Þá svarar hún: „Meir ætlum vér Kjartan að þú hafir gert þetta við einræði þitt en menn hafi þig þessa eggjað að fara í brott af Noregi og til Íslands.“

En fátt varð þeim að orðum þaðan í frá. Í þessu bili tekur Ingibjörg til mjöðdrekku er stendur hjá henni. Hún tekur þar úr motur hvítan, gullofinn, og gefur Kjartani og kvað Guðrúnu Ósvífursdóttur helsti gott að vefja honum að höfði sér „og muntu henni gefa moturinn að bekkjargjöf. Vil eg að þær Íslendinga konur sjái það að sú kona er eigi þrælaættar er þú hefir tal átt við í Noregi.“ Þar var guðvefjarpoki um utan. Var það hinn ágætasti gripur.

„Hvergi mun eg leiða þig,“ sagði Ingibjörg, „far nú vel og heill.“

Eftir það stendur Kjartan upp og hvarf til Ingibjargar og höfðu menn það fyrir satt að þeim þætti fyrir að skiljast.

Lokaorðin í þessari frásögn benda til þess að það hafi ekki verið neinn tilbúningur Bolla að kært væri með þeim Ingibjörgu og Kjartani. Þau orð hennar að hann ákveði að fara frá Noregi „við einræði“ sitt benda til að fólk við hirðina hafi vænst þess af Kjartani að hann yrði þar um kyrrt. Það segir að vísu ekki berum orðum að þær væntingar hafi verið lýðum ljósar ári fyrr þegar Bolli fór til Íslands, en það er að minnsta kosti vel trúlegt. En hér eins og víðar verður lesandinn að glíma við spurningar sem hann fær ekki einhlít svör við. Það er næstum eins og sögumaður kalli eftir umhugsun og umræðu.

Það má líka velta því fyrir sér hvort Bolla skorti hugrekki þegar Guðrún skipar honum að drepa Kjartan (í 48. kafla). Bolli á fáa nána ættingja á Íslandi eftir að Ólafur pá telur föður hans á að flytja úr landi (í 38. kafla) og ef Guðrún stendur við hótun sína um skilnað er hann einn og berskjaldaður.

Þótt sagan leyfi efasemdir um hugrekki Bolla og heiðarleika er allt sem um hann segir berum orðum á eina lund, að hann sé vel gefinn og góður drengur. Þar sem segir frá fæðingu hans í 25. kafla er til dæmis tekið fram að hann var snemma „hinn vænlegsti maður“ og þar sem þeir eru bornir saman, uppeldisbræðurnir Kjartan og Bolli (í 28. kafla), segir:

Bolli fóstbróðir hans var mikill maður. Hann gekk næst Kjartani um allar íþróttir og atgervi. Sterkur var hann og fríður sýnum, kurteis og hinn hermannlegsti, mikill skartsmaður. Þeir unnust mikið fóstbræður.

Frásögn af dvöl þeirra fóstbræðra í Noregi (í 40. kafla) bendir raunar til þess að Bolli hafi verið raunsærri og hófstílltari maður en Kjartan:

Þá tók Kjartan til orða og mælti til Bolla: „Hversu fús ertu frændi að taka við trú þeirri er konungur býður?“

„Ekki er eg þess fús,“ svarar Bolli, „því að mér líst síður þeirra veiklegur mjög.“

Kjartan spyr: „Þótti yður konungurinn í engum hótum hafa við þá er eigi vildu undir ganga hans vilja?“

Bolli svarar: „Að vísu þótti oss konungur ganga úr skugga berlega um það að þeir mundu miklum afarkostum mæta af honum.“

„Engis manns nauðungarmaður vil eg vera,“ segir Kjartan, „meðan eg má upp standa og vopnum valda. Þykir mér það og lítillmannlegt að vera tekinn sem lamb úr stekk eða melrakki úr gildru. Þykir mér hinn kostur miklu betri ef maður skal þó deyja að vinna það nokkuð áður er lengi sé uppi haft síðan.“

Bolli spyr: „Hvað viltu gera?“

„Ekki mun eg því leyna,“ segir Kjartan, „brenna konunginn inni.“

„Ekki kalla eg þetta lítillmannlegt,“ segir Bolli, „en eigi mun þetta framgengt verða að því er eg hygg. Mun konungur vera giftudrjúgur og hamingjumikill. Hann hefir og örugg varðhöld dag og nótt.“

Í þessum sama kafla er einnig tekið fram að í Noregi var Bolli „metinn vel af góðum mönnum“. Eftir að þeir eru báðir komnir heim, Bolli og Kjartan, og fjandskapur magnast milli Guðrúnar Ósvífursdóttur og heimafólks Kjartans reynir Bolli í lengstu lög að halda frið og „lét sem hann heyrði eigi sem jafnan er Kjartani var hallmælt því að hann var vanur að þegja eða mæla í móti“ (47. kafli).

Það sem við fáum að vita um Kjartan er talsvert meira beggja blands. Honum er að vísu lýst sem afbragði annarra manna:

Hann var allra manna vænstur þeirra er fæðst hafa á Íslandi. Hann var mikilleitur og vel farinn í andliti, manna best eygður og ljóslitaður. Mikið hár hafði hann og fagurt sem silki og féll með lokkum, mikill maður og sterkur eftir sem verið hafði Egill móðurfaðir hans eða Þórólfur. Kjartan var hverjum manni betur á sig kominn svo að allir undruðust þeir er sáu hann. Betur var hann og vígur en flestir menn aðrir. Vel var hann hagur og syndur manna best. Allar íþróttir hafði hann mjög umfram aðra menn. Hverjum manni var hann lítillátari og vinsæll svo að hvert barn unni honum. Hann var léttúðigur og mildur af fé (28. kafli).

En það sem sagt er af athæfi hans er misaðdáunarvert og þær frásagnir sumar á þann veg að ummælin um að hann hafi verið hverjum manni lítillátari virðast óttaleg öfugmæli. Þegar hefur verið nefnt að Kjartan vildi brenna Ólaf Tryggvason Noregskonung inni (í 40. kafli) sem sögumaður getur varla álitid til marks um lítillæti.

Heimkominn til Íslands neitar Kjartan að þiggja gjafir af Bolla og er „heldur fár um veturinn“ (í 45. kafli). Það er helst að skilja að hann hafi verið geðvondur mánuðum saman. Þegar ýfingar magnast milli fólks í Hjarðarholti, þar sem Kjartan bjó, og heimamanna á Laugum, þar sem þau bjuggu Guðrún og Bolli, tekur Kjartan upp á því að smána Laugamenn með því að meina þeim að komast út á kamar og neyða þá þannig til að ganga örna sinna innan dyra (í 47. kafli). Faðir Kjartans, Ólafur pá, sem Hermann Pálsson (1986, bls. 89) telur að yfirleitt megi treysta til að líta á málin sömu augum og höfundurinn sjálfur „lætur illa yfir þessi ferð“.

Þegar hér er komið sögu hefur Kjartan raunar nokkrum sinnum hunsað ráð og varnaðarorð föður síns. Þetta gerist fyrst í 39. kafli þegar Ólafur lýsir áhyggjum af ferðum Kjartans á fund Guðrúnar Ósvífursdóttur sem var glæsilegasta stúlkan í héraðinu. Seinna (í 45. kafli) ráðleggur Ólafur honum að þiggja gjafir af Bolla og (í 46. kafli) að láta vandræði hjá líða þegar hann grunar heimamenn Bolla og Guðrúnar um að hafa stolið motrinum, gersemi sem Ingibjörg konungssystir sendi hann með til Guðrúnar en Kjartan gaf Hrefnu Ásgeirsdóttur – konunni sem hann gekk að eiga eftir að hann kom heim frá Noregi og Bolli var búinn að krækja í Guðrúnu. Kjartan hefur ráð föður síns að engu. Hvað þetta varðar svipar honum til móðurafa síns, Egils Skallagrímssonar, sem sögumaður gerir sjálfsagt ráð fyrir að lesandi kannist við og viti að var bæði erfiður í skapi og ódæll við föður sinn.

Því má bæta við að eftir ferðina að Laugum, sem Ólafur lét illa yfir, bætir Kjartan gráu ofan á svart með því að koma í veg fyrir að Bolli nái að kaupa land í Tungu. Bolli hafði samið um landakaupin en Kjartan þvingar eiganda jarðarinnar til að selja sér og svíkja loford um að selja Bolla (í 47. kafli). Bolli hagar sér aldrei svona, aðhefst raunar fátt rangt eða slæmt fyrir utan það ólánsverk að drepa Kjartan.

Frá vígi Kjartans segir í 49. kafli og er ljóst af frásögninni að Bolli vill helst komast hjá því að drepa fóstbróður sinn og fyrrum vin. Það er fyrst gefið í skyn að hann hafi ætlað að vara Kjartan við svo hann gæti komist undan þeim níu manna flokki sem Guðrún sendi gegn honum:

En í annan stað gruna þeir Ósvífurssynir hví Bolli mun sér hafa þar svo staðar leitað er hann mátti vel sjá þá er menn riðu vestan. Þeir gera nú ráð sitt og þótti sem Bolli mundi þeim eigi vera trúr, ganga að honum upp í brekkuna og brugðu á glímu og á glens og tóku í fætur honum og drógu hann ofan fyrir brekkuna.

Þegar bardaginn hefst heldur Bolli sig fyrst til hlés og skerst ekki í leikinn fyrr en hann þarf að velja milli þriggja kosta, að standa aðgerðalaus hjá, veita Kjartani lið og berjast við mága sína, bræður Guðrúnar, eða drepa Kjartan. Fyrsti kosturinn mundi leiða til þess að Kjartan kæmist undan og þá yrði eins og Óspakur segir „skammt til afarkosta“.

Þá sækja þeir Ósvífurssynir fjórir Kjartan og varðist hann svo hraustlega að hvergi fór hann á hæl fyrir þeim.

Þá mælti Kjartan: „Bolli frændi, hví fyrstu heiman ef þú vildir kyrr standa hjá? Og er þér nú það vænst að veita öðrum hvorum og reyna nú hversu Fótbitur dugi.“

Bolli lét sem hann heyrði eigi.

Og er Óspakur sá að þeir mundu eigi bera af Kjartani þá eggjar hann Bolla á alla vega, kvað hann eigi mundu vilja vita þá skömm eftir sér að hafa heitið þeim vígsgangi og veita nú ekki „og var Kjartan oss þá þungur í skiptum er vér höfðum eigi jafnstórt til gert. Og ef Kjartan skal nú undan rekast þá mun þér Bolli svo sem oss skammt til afarkosta.“

Þá brá Bolli Fótbit og snýr nú að Kjartani.

Af þessari frásögn er ljóst að það eina illvirki sem Bolli vinnur, það vinnur hann mjög trauður og til neyddur.

Þótt Bolla sé borin vel sagan fær lesandinn að vita að í honum séu brestir af einhverju tagi. Þetta birtist í þriðja draumi Guðrúnar sem Gestur Oddleifsson ræður svo (í 33. kafla) að hann fjalli um þriðja eiginmann hennar, sem Bolli varð:

Enn mælti Guðrún: „Sá er hinn þriðji draumur minn að eg þóttist hafa gullhring á hendi og þóttist eg eiga hringinn og þótti mér bættur skaðinn. Kom mér það í hug að eg mundi þessa hrings lengur njóta en hins fyrra. En eigi þótti mér þessi gripur því betur sama sem gull er dýrra en silfur. Síðan þóttist eg falla og vilja styðja mig með hendinni en gullhringurinn mætti steini nokkurum og stökk í tvo hluti og þótti mér dreyna úr hlutunum. Það þótti mér líkara harmi en skaða er eg þóttist þá bera eftir. Kom mér þá í hug að brestur hafði verið á hringnum og þá er eg hugði að brotunum eftir þá þóttist eg sjá fleiri brestina á og þótti mér þó sem heill mundi ef eg hefði betur til gætt og var eigi þessi draumur lengri.“

Lesanda er ekki sagt af hvaða tagi þessir brestir eru. Eins og iðulega situr hann uppi með spurningar sem hann þarf sjálfur að hugsa svör við. Ef til vill eru umræddir brestir ógæfan sem fylgdi Bolla. Ef til vill eru þeir, eins og Hermann Pálsson (1986, bls. 14) getur sér til, brestir í hjónabandinu vegna þess að Guðrún elskaði Kjartan.

Í annarri Mósebók (34:7) segir að guð láti „afbrot feðranna bitna á börnum og barnabörnum í þriðja og fjórða lið“ (*Biblían*, 2007). Það er eins og þetta sannist á Bolla. Oflátungsháttur, ójöfnuður og öfund sem hann hlaut í arf hefur skelfilegar afleiðingar þótt hann sjálfur sé langt frá því að vera illa innrættur. Að þessu leyti er Bolli ef til vill líkur Gísla Súrssyni sem var dæmdur til ógæfu, ekki vegna eigin lasta heldur vegna þess hver ljóður var á ráði Þorkels bróður hans.

Laxdæla saga vekur spurningar um heilindi Bolla en svarar þeim ekki. Hún vekur líka spurningar um hvort Kjartan hafi í raun verið eins aðáunarverður og hann sýndist vera og þeim spurningum svarar hún ekki heldur. Ef hún er lesin, eins og hér er lagt til, sem saga um ógæfu Bolla þá vekur hún enn fremur siðferðilegar spurningar um hvort sé verra hlutskipti að drepa eða vera drepinn, að beita rangindum eða verða fyrir þeim.

Ég vona að þessi leiðsögn um söguna, þar sem dreginn er fram einn söguþráður af nokkrum mögulegum, gagnist þeim sem vilja miðla henni til nemenda í grunnskólum og framhaldsskólum. Ég veit ekki hvort það hentar öllum kennurum að segja söguna líkt og ég geri. Það kann að velta á nemendahópnum. Ef nemendur vilja halda með Kjartani er áhersla á ógæfu Bolla sennilega þarft mótvægi til að þeir finni túlkun sinni hæfilegt viðnám. Hvað sem því líður tel ég víst að hvernig sem menn kjósa að skilja söguna sé hollt að hafa augun opin fyrir spurningunum sem hún leggur fyrir lesendur án þess að svara. Ein ástæða þess hvað Laxdæla er gott kennsluefni er að hún heimtar að lesandinn hugsi sjálfur.¹

¹ Þessi grein er hluti af rannsóknarverkefni sem var unnið með styrk úr Rannsóknarsjóði Íslands (nr. 163230-051) og ég þakka sjóðnum fyrir stuðninginn. Einnig þakka ég samstarfsmönnum mínum í rannsóknarverkefninu, Ólafi Páli Jónssyni, Róbert Jack og Þóru Björgu Sigurðardóttur fyrir að hjálpa mér að ná tökum á efniinu með samræðum um söguna undanfarin tvö ár. Síðast en ekki síst þakka ég Hörpu Hreinsdóttur, eigin konu minni, fyrir yfirlestur, ábendingar, útskýringar og rökræðu um efnið en Harpa kenndi framhaldsskólánemendum Laxdælu og fleiri Íslendingasögur um langt árabil.

Bolli's tragic destiny: Why the questions left open in Laxdæla saga make the story a good vehicle of moral education

The *Saga of the People of Laxárdalur* takes place over a time span of almost one and a half century from about 890 till 1130. It tells the story of the first settlers in the district of Dalir in West-Iceland and their descendants for about seven generations.

This book, called *Laxdæla saga* in Icelandic, was written by an unknown 13th century author. It is widely used in schools as a choice example of literary text from the golden age of Icelandic medieval literature. Shortened versions in modern language are available for primary schools. Secondary school students read the original text in full-length.

The plot of the story is complex. Some chapters are almost independent small narrations inside a broad epic tale. Among the problems teachers face is how to simplify the story for teenagers who are reading it for the first time. One way to do that is to emphasise some thread or storyline that connects many episodes and makes them meaningful.

One of the main protagonists of *Laxdæla saga* is a woman, Guðrún. She was married to four men and outlived them all. At the end of the story she is both rich and powerful and, also, the first Icelandic nun. She forced her third husband, Bolli, to kill his foster-brother and friend, Kjartan. The reader can picture Guðrún as a cold, shrewd and cunning upper-class woman who uses her beauty and her connections to climb the social ladders. Much of what she does can, however, also be seen as a just revolt of a woman against paternalistic and oppressive social mores.

Another female character is Melkorka, daughter of an Irish king. She was taken captive by slave-mongers when she was 15 years old and bought by a rich Icelander. Her son, Ólafur, was adopted by a farmer of some means and married into the most powerful clan in the western part of Iceland. One of the two main male protagonists, is Melkorka's grandson, Kjartan son of Ólafur.

Kjartan is the handsome man whom Guðrún fell in love with but never married. He was the one who was killed by Bolli, the third husband of Guðrún. Kjartan is described as a virtuous and noble Christian hero. Nevertheless, some of the things he says and does do raise suspicion that he was the spoilt and arrogant child of a newly rich father.

At the end of the story, the son of Guðrún and Bolli asks his mother which of the men in her life she loved most. She answered: "to him I was worst whom I loved best". The reader is left to wonder; did she mean Bolli, whom she forced to kill his foster brother and friend, or was she talking about Kjartan, whom she loved but never married?

A storyline that goes through many chapters and episodes is the narrative of how Guðrún ascends the social hierarchy. In this paper it is, however, argued that although no single thread goes through all the beads, and many of them are tied to several storylines, the one that makes most of the episodes comprehensible is the story of the undeserved tragic destiny of Bolli. One of the questions posed by the story is which fate is worse, to kill a friend or to be killed oneself.

As the plot develops the reader gets to know what Kjartan, Bolli, and Guðrún do, and what they say, but not what they think. What we learn poses questions about who is honest and who is deceitful, who is truly brave and who is foolhardy and so on. The story is a masterpiece of ambivalence. The questions it poses demand attention. But they are left open in the text. The reader has to decide. And that is one of the reasons why this story is a good vehicle of moral education.

Keywords: *Laxdæla saga*, *The Saga of the People of Laxárdalur*, teaching literature in primary and secondary schools, moral education, open questions.

Um höfundinn

Atli Harðarson (atlivh@hi.is) er dósent við Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Hann hefur ritað bækur og greinar um heimspeki, bókmenntir og námskráfræði.

About the author

Atli Harðarson (atlivh@hi.is) is associate professor at the University of Iceland, School of Education. His publications include works on philosophy, literature and curriculum theory.

Heimildir

- Aristóteles. (1995). *Siðfræði Níkomakkosar* (Svavar Hrafn Svavarsson þýddi). Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Bíblían*. (2007). Sótt af <http://biblian.is/>.
- Fleming, D. (2002). Sex, Lies, and the Íslendinga Sögur. Í S. Würth, T. Jonuks og Kristinsson, A. (ritstjórar), *Sagas and Societies – Conference at Borgarnes*, Iceland (bls. 1–14). Tübingen: Universität Tübingen.
- Helgi Guðmundsson. (1997). *Um haf innan: Vestrænir menn og íslensk menning á miðöldum*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Hermann Pálsson. (1979). Íslendingasögur og Hugsvinnsmál. *Tímarit Máls og menningar*, 40(1), 103–110.
- Hermann Pálsson. (1986). *Leyndarmál Laxdælu*. Reykjavík: Bókauktgáfa Menningarssjóðs.
- Hugsvinnsmál (útg. T. Wills og S. Würth). (2007). Í *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*, 7, 358–449. Sótt af <https://www.academia.edu/7165790/Hugsvinnsmal>
- Kanerva, K.T. (2012). Ógæfa as an Emotion in Thirteenth-Century Iceland. *Scandinavian Studies*, 84(1), 1–26.
- Kristjánsson, K. (1998). Liberating Moral Traditions: Saga Morality and Aristotle's Megalopsychia, *Ethical Theory and Moral Practice*, 1, 397–422.
- Ólafur Páll Jónsson. (2018). Laxdæla sem fōður fyrir gagnrýna hugsun. *Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar*. Menntavísindasvið Háskóla Íslands. Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/06.pdf
- Van Deusen, N. M. (2014). Sworn Sisterhood? On the (Near-) Absence of Female Friendship from the Íslendingasögur. *Scandinavian Studies*, 86(1), 52–71.
- Textar Íslendingasagna, Hávamála og Völuspár sem vitnað er í eru allir sóttir af vef Netútgáfunnar <https://www.snerpa.is/net/index.html>. Ég nota þessar útgáfur vegna þess að þær liggja að baki texta safni Stofnunar Árna Magnússonar í íslenskum fræðum (á <http://www.arnastofnun.is/page/textasafn>) sem ég notaði til að telja tíðni orða í Laxdæla sögu.



Atli Harðarson. (2018).

Ógæfa Bolla Þorleikkssonar: Hugleiðing um hvernig Laxdæla saga leggur spurningar fyrir lesanda sinn en svarar þeim ekki.

Netla – vef tímarit um uppeldi og menntun. Sérít 2018 – Bókmenntir, listir og grunnþættir menntunar.

Menntavísindasvið Háskóla Íslands.

Sótt af http://netla.hi.is/serrit/2018/bokmenntir_listir_menntun/02.pdf

<https://doi.org/10.24270/serritnetla.2019.15>